

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um iðgjöld atvinnurekenda til að standa
straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980
um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1984, vegna tekjuársins 1983, skal nema 0,0905% af
gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Óskar Hallgrímsson.***REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 160 29. nóv. 1956, um takmörkun
leigubifreiða á Akureyri og ráðstöfun atvinnuleyfa,
sbr. reglugerð nr. 233 31. maí 1976.**

1. gr.

1. málsg. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akureyri skal á hverjum tíma
miðast við íbúatölu Akureyrar, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 600 íbúa. Reikna
skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga á Akureyri samkvæmt nýjustu skýrslum
Hagstofu Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970,
staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga
að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.